

Íríki Vatnajökuls



Guðrún Guðmundsdóttir

Háskólinn Hólum
Ferðamálafræði
Verknám 2006

Í ríki Vatnajökuls

Perlur

Samstarfsverkefni Perluhópsins

Guðrún Guðmundsdóttir

Umsjón Ingibjörg Sigurðardóttir

Ágúst 2006

©Guðrún Guðmundsdóttir

Ljósmynd forsíðu: Loftur Jónsson

Myndir í skýrslu: Úr einkaeign Perluhópsins

Kortagerð og skrár: Rannveig Einarsdóttir

Prentun: BB prentun, Bugðuleiru 6 Hornafirði

Samantekt.

Landið okkar Ísland, hefur mikla og sterka sérstöðu sem ferðamannaland á heimsvísu. Þar vegur tvímælaust sterkast, það svipmikla náttúruferðir sem landið ber, ásamt okkar menningu bæði fyrir og nú.

Það svæði landsins, sem tilheyrir Austur Skaftafellsýslu er engin undantekning í þessum málum.

Þar tvinnast saman stórbrotið og mikilúðlegt landslag, jöklar, fjöll, ár og sandar.

Og víðs vegar má sjá í byggð, handbragð gamalla og nýrra tíma þar sem lífsbarátta hefur verið háð við óblíð náttúruöfl svæðisins.

Sýslan er afar vinsælt ferðamannasvæði, og geymir margar náttúruferðir, þekktar bæði af innlendum sem og erlendum ferðamönnum.

En þrátt fyrir vinsældir svæðisins, eru ennþá ýmsar náttúruferðir innan þess, sem eru lítt þekktar, hinum almenna ferðamanni.

Stofnaður hefur verið samstarfshópur sem hefur það t.d að markmiði að móta fræðslu og náttúrustíga og bæta þar með aðgengi almennings að þessum náttúruferðum. Samstarfs verkefni þetta hefur fengið nafnið Perlur, og er samstarfshópurinn nefndur Perluhópur í skýrslu þessari.

Verkefnið Perlur, er undirverkefni, svokallaðs NEST verkefnis, sem miðar að sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu, í og við jaðar þjóðgarða, og er það byggt upp með aðferðarfræði KLASA.

Aðalmarkmið þess, er að draga fram áhugaverðar ferðir í ríki Vatnajökuls og jafna það álag á náttúruna, sem hlýst af sífelld auknum straumi ferðamanna og dreifa um leið efnahagslegum ávinningi.

Áætlað er að vinna verkefnið í áföngum, og þegar er hafin og komin vel á veg vinna að hluta þessa verkefnis.

Ég tók þá ákvörðun í samráði við samstarfshópinn, og umsjónamann Verknáms ferðamálanema við Háskólans á Hólum að vinna að þessa skýrslu sem eitt af verknámsverkefnum í tengslum við nám mitt í ferðamálafræði.

Skýrsla þessi verður jafnframt lögð fyrir fjármögnunaraðila sem koma að verkefninu.

Vinna við skýrsluna hefur verið tekin í áföngum, og margir lagt hönd á plóginn, mér til aðstoðar.

Ég vil sérstaklega þakka Perluhópnum fyrir gott samstarf, og öllum þeim aðilum sem veittu mér brautargengi í vinnu við skýrsluna. Og vona ég sem ein af þátttakendum verkefnisins, að samstarf okkar eigi eftir að verða árangursríkt, og gjöfult íslenskri ferðaþjónustu til handa.

Ritað á Hundadögum 2006

Guðrún Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

FORSÍÐA	1
SAMANTEKT	4
I. ÁFANGI:	6
1.1 INNGANGUR – HEILDARVERKEFNIÐ	6
1.2 GÖNGULEIÐAKORT:.....	7
1.3 SKÁLAFELL:	7
1.4 HEINABERG:.....	8
1.5 FLÁAJÖKULL:	9
1.6 HAUKAFELL:.....	10
1.7 FJÖRURNAR:.....	10
2. ÖNNUR VERKEFNI:	11
2.1 NÖKKVI FRÁ HÓLMI:.....	11
2.2 BRÚSAPALLARNIR:	11
2.3 ELDSMIÐURINN HEIM:.....	12
2.5 ESKEY:	12
3. LOKAORÐ	12

Viðauki I

Framkvæmdaáætlun

Viðauki II

vinnudagar

Viðauki III

Kostnaður og Tímaáætlun

Viðauki IV

Perlukort

I . áfangi:

1.1 Inngangur – heildarverkefnið

Austur Skaftafellssýsla er tvímælalaust eitt vinsælasta ferðapjónustusvæði landsins og hefur að geyma þekktar perlur s.s. Skaftafell, Jökulsárlón og Lónsöræfi, að ógleymdum Vatnajökli sem liggur að baki byggðinni allri. Með stækkun Skaftafellspjóðgarðs, sem er fyrsti áfangi í stofnun Vatnajökulspjóðgarðs heyrir mestur hluti jökulsins sem er í lögsögu Sveitarfélagsins Hornafjarðar undir þjóðgarð.

Kveikjan að stofnun samstarfshóp sem stofnaður var á Höfn á haustdögum 2005 er *Northern Environment of Sustainable Tourism -NEST*. En NEST er samvinnuverkefni Íslands, Finnlands, Svíþjóðar og Skotlands og er markmið þess að þróa tækifæri sem fólgin eru í nálægð byggðar við þjóðgarða.

Samstarfshópur þessi hyggst vinna að því í formi ýmissa verkefna að auka möguleika almennings til að nálgast ýmsar áður lítt þekktar og geymdar perlur í nágrenni Vatnajökuls.

Svæðið sem unnið er með afmarkast frá Skálafelli í Suðursveit að vestri og að Hornafjarðarfljótum í austri.

Svæði þessu, hefur hingað til, ekki verið gefinn gaumur sem skyldi, þrátt fyrir mikla fjölbreytni í náttúruferum og menningu, sem og nokkuð góðu aðgengi.

Vaxandi ferðapjónusta er á svæðinu, og eru í dag rekin þar nokkur ferðapjónustubýli og eitt útivistarsvæði með tjaldsvæði.

Ætlunin er að svæðið verði byggt upp í góðri sátt við það atvinnulíf sem fyrir er.

Megináhersla verður lögð á, að hönnun allrar uppbyggingar, falli sem allra best að náttúrunni og stuðst verði við náttúrleg efni svæðisins.

Aðilarnir sem standa að Samstarfsverkefninu Perlur eru landeigendur á Skálafelli í Suðursveit, Þorsteinn Sigfússon og Þóra Jónsdóttir.

Landeigendur í Hólmi á Mýrum, Magnús Guðjónsson og Guðrún Guðmundsdóttir.

Landeigendur að Brunnhól á Mýrum, Jón Kr Jónsson og Sigurlaug Gissurardóttir.

Og fyrir hönd Skógræktarfélags Austur Skaftafellssýslu sem á skógræktarsvæðið í Haukafelli, starfar Rannveig Einarisdóttir.

Samstarf og samráð er haft við Landbúnaðarráðuneytið og ábúendur í Flatey á Mýrum vegna landsvæðisins Heinabergs.

Landeigendur Hólabrekku og Sambýlið í Hólabrekku vegna hugmynda um Eldsmiðinn.

Einnig við Háskólasetrið á Hornafirði, Skaftafellspjóðgarð, Sveitarfélagið Hornafjörð og Frumkvöðlasetur Austurlands, enda er verkefnið dæmigert “klasaverkefni”.

Við undirbúningsvinnuna naut Perluhópurinn ráðgjafar hjá Frumkvöðlasetri Austurlands og hafði þar einnig vinnuástöðu.

1.2 Gönguleiðakort:

Á vegum verkefnisins Átak í merkingu gönguleiða í Austur Skaftafellssýslu hefur verið unnið að útgáfu gönguleiðakorta, og áætlað er að gera 5 kort af allri sýslunni.

Verkefni:

- Unnið er að gerð gönguleiða korts af Mýrum og austur hluta Suðursveitar. Stuðst er við grunnleiðir gönguleiðakortsins í vinnu Perluhópsins við mótun fræðslu og náttúrustíganna.

Ábyrgð: Átak í merkingu gönguleiða í Austur Skaftafellssýslu

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV.

1.3 Skálafell:

Eigendur Skálafells hafa fyrstir landeigenda, á svæðinu, óskað eftir viðræðum við Umhverfissráðuneyti, um að hluti fjallendis jarðarinnar verði innan Vatnajökulsþjóðgarðs.

Um er að ræða land sem yrði skilgreint sem eignarland innan þjóðgarðsins.

Gerður hefur verið áningastaður við minnisvarðann um Jón Eiríksson og unnið er að gerð fræðsluskiltis. (*Mynd 1*)



Verkefni:

1. áfangi:

- Stækka bílapan umhverfis minnisvarðann og fegra umhverfi.
- Koma upp snyrtiaðstöðu þar.
- Gera kostnaðaráætlun vegna viðhalds og viðgerða á minnisvarðanum sem nú hefur látið mikið ásja og vinna að því að gerð hans verði lokið.
- Komið verði fyrir útsýnisskífu á Hellrum og bílapani framan þjóðvegur

Austurland:

- Ljúka gerð gönguleiða og áningarstaða að Heinabergsvatnabru.
- Gera deiliskipulag af svæðinu, ath. þörf á skoðunarferðum m/leiðsögn til jökla og sjávar.
- Sævarhólum verði gerð skil með sögu og e.t.v. hlóðakaffi- aðstöðu

Fjallendi:

- Gerður fræðslu og jarðfræðistígur að Skálafellsjökli.
- Laga og gera hættulausan stíg meðfram Kolgrímu. Unnið í samstarfi og samráði við Skaftafellsþjóðgarð.



2. áfangi:

- Gerður akfær vegur að Hellisvatni, og komið þar upp flotbryggju og, bátum (veiði, hjólabátar).
- Koma í upprunalegt form fjárhelli í Hellisklettum og þar verði aðstaða til að skenka” helliskaffi.”
- Gert tjaldstæði og húsbílaaðstaða austan ár, með tilheyrandi þjónustu.
- Tengja þjónustusvæðið við fjallendið og jökulinn með göngubrú eða kláfferju yfir Kolgrímu.

Fjallendi:

Náist samningar við umhverfisráðuneytið verði áfram unnið með fjallendið ofan bæjar í nánu samstarfi við Skaftafellsþjóðgarð.

- Nauðsynlegt er að göngubrú komi yfir Kolgrímu frá Hjallanesi í Heinaberg.
- Tengja svæðin saman.

Ábyrgð: Þóra Vilborg Jónsdóttir og Þorsteinn Sigfússon, landeigendur

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV.

1.4 Heinaberg:

Grófur vegslóði liggur að Heinabergsjökli. Engar hættur eru á leiðinni s.s. ár, en veginn verður að keyra hægt. Við teljum ekki nauðsynlegt að bæta vegslóðann, þar sem eftirsóknarvert getur verið að þurfa aðeins að hafa fyrir því að komast á staðinn.

Að frumkvæði Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur þess verið farið á leit við Landbúnaðarráðuneytið að það leggi þjóðgarði til land jarðanna Heinabergs og Flateyjar, sem liggur norðan byggðalínu.



Verkefni:

- **“Skilta” gestastofa við Heinabergsjökul.**
Fyrirmynd: Beinn Eighe vistior center í Skotlandi. (sjá mynd 4)

Hér er um að ræða stóra “vörðu” þar sem yrði komið fyrir um 3 skiltum sem og smá aflíðandi borði með gönguleiðum og kortum. Meginþema getur verið skrið jökla og mismunandi eiginleikar þeirra, ákoma og leysing, osfrv. Jökulhlaup – Vatnsdalshlaup og Dalvatnshlaup. Einnig urðarraninn á Heinabergsjökli og fleiri tegundir jökulurðar. Áformað hefur verið að leita til Háskóla Íslands um að leggja mat á verndargildi svæðisins, með tilliti til jarðfræði og menningarminja.



Út frá gestastofunni yrðu 3 merktir jarðfræði/göngustígar.

- **1. jarðfræði/búsetusögustígur** sem lagður yrði í hring frá upphafspunkti.
- **2. Jarð- og vistfræðistígur** upp Heinabergsdal og að Vatnsdal. Þema: Jökulhlaup, hreindýr....
- **3. Tenging við göngustíga** í Skálafellslandi.

- Unnið verði einnig að varðveislu brúar sem reist var 1948 yfir Heinabergsvötn. (Sjá mynd 5)

Ábyrgð: Perluhópurinn.

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV.



1.5 Fláajökull:

Þokkalegur akvegur er inn að nýlegu uppistöðulóni, sem er framan jökulsins. Aðgengi var gott að jöklinum, áður en til síðustu framkvæmda kom við útfall Hólmsár.

Nauðsyn er að auðvelda fólki aðgengi að sjálfum jöklinum á ný meðal annars með tilliti til aðgengis fatlaðra. Saga varnaraðgerða og barátta mannsins fyrir búsetu sinni er einstök og hefur þegar verið skráð á aðgengilegan hátt.

Minjar eru á staðnum allt frá fyrstu varnaraðgerðum 1937 sem nauðsynlegt er að vernda. (Mynd 6)

Á vegum Háskólasetursins á Hornafirði, og með stuðningi Vegagerðarinnar hefur verið unnin greinagerð um möguleika á þróun svæðisins með tilliti til gönguleiða, jarðfræði og þeirrar sögu sem svæðið hefur að geyma um baráttu íbúa á Mýrum við jökulvötnin.



Verkefni:

- **1. Göngubrú:** Kannaðir verði möguleikar þess að gera göngubrú yfir útfall úr lóni og hjólastólafæran stíg að jöklinum.
- **2. Köld gestastofa (visitor center) við Fláajökul.**
Fyrirmynd: Knockan Crag visitor center í Skotlandi. (mynd 7 og 8)

Meginþema gestastofunnar verður jarðfræði svæðisins, fyrst og fremst hopunarsaga Fláajökuls og tenging þeirrar sögu við loftlagsbreytingar síðustu aldar. Jafnframt yrði lögð áhersla á búsetusögu mannsins á svæðinu og baráttu við síbreytilega jökla. Nauðsynlegt að tengsl við Jöklasýningu á Höfn verði greinileg. Út frá gestastofunni yrðu þrjár merktir göngustígar, mislangir.

- **1. Fræðslustígur** – með 10 fræðsluskiltum. Meginþema yrði hopunarsaga Fláajökuls og búsetusaga mannsins. Búið er að hanna stíginn að hluta, sjá Hanna Kata Þórhallsdóttir og Rannveig Ólafsdóttir, 2003. Hönnunarvinna er langt komin á skiltunum.



- **2. Jarðfræðistígur** - inn með austurkanti Fláajökuls meðfram Fláfjalli. Þessi stígur héldi áfram út frá eystri enda fræðslustígs nr. 1. Mun færri skilti yrðu á þessum stíg og hann einungis varðaður. Mikil og merkileg jarðfræði er á þessu svæði.

- **3. Göngustígur/jarðfræðistígur** yfir í Haukafell. Þessi stígur kemur út frá stíg nr. 2, og liggur austur í Haukafell og verður einnig varðaður og tengist þar merktum stígum. Vaða þarf Kolgrafardalsá.
- **Salernismál:** Salernismál verði leyst samhliða byggingu kaldrar gestastofu

Hugmyndir eru um það að setja “táknrænt hlið” á slóðann austur með lóninu og skilti sem bendir fólki á að leggja bílnum og ganga þess í stað eftir ölduhruggnum og njóta þannig betur útsýnis að jökli og yfir sveitina.



Ábyrgð: Landeigendur í Hólmi og Brunnhól

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV.

1.6 Haukafell:

Á vegum Skógræktarfélags Austur Skaftafellssýslu hefur allt frá árinu 1985 verið unnið að uppbyggingu svæðisins með það í huga, að jafnframt því sem þar er plantað trjám verði svæðið byggt upp sem útivistarsvæði. Haukafell hefur mikið útivistargildi og þangað leggja margir leið sína ár hvert til berja og sveppa týnslu auk gönguferða. Þegar hefur verið byggt upp aðstöðuhús og snyrtingar auk tjaldsvæðis. Árið 2005 var hafist handa við vinnu fræðslu

og upplýsingaskilta sem komið verður fyrir á steinum og trjám sem fyrir eru í landinu. Texti á erlendum tungumálum verður á undirskilti sem hægt er að draga út undan aðalskilti. (Sjá mynd 9)

Lokið er grafískri vinnu við skiltin.



Verkefni:

- Eftir er að prenta og setja upp skiltin.
- Endurstika þarf gönguleiðina með tilliti til staðsetningar skiltanna.
- Smíða prílur yfir girðingu til að tengja svæðið við aðrar gönguleiðir.

Ábyrgð: Skógræktarfélag A-Skaftafellssýslu.

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV.

1.7 Fjörurnar:

Kanna þarf möguleika þess að gera fjörunum, á svæðinu betri skil hvað varðar náttúrufar og menningarminjar. Ýmsar hugmyndir eru uppi um hvort mögulegt sé að bjóða upp á skipulagðar fjöruferðir.



Verkefni:

- Afla tilskilinna leyfa til afþreyingarferða og umferðar um landið.
- Gera þarf náttúrufar sögu þessa staðar sýnilegri með aðgengi almennings að fróðleik.

Ábyrgð: Perluhópurinn og fleiri.

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV

2. Önnur verkefni:

2.1 Nökkvi frá Hólmi:

Þeir eru fjölmargir áhugamenn um hross og hrossarækt, bæði innanlands sem erlendis sem þekkja stóðhestinn Nökkva 260 afspurnar. En hann var fæddur um 1940, og er forfaðir að stórum hluta íslenskra hrossa í dag. Hann markaði djúp spor í sögu íslenskarar hrossaræktar.

Í ljósi þess að íslenski hesturinn, og öll sú menning sem tengist honum hefur vissa sérstöðu á heimsmælikvarða, vilja landeigendur í Hólmi vilja gera sögu Nökkva 260 sýnilega og koma þannig í veg fyrir að brot af okkar menningararfi tengdum íslenska hestinum glatist.

**Verkefni:**

- Hlaða þarf upp hesthúsið sem hann ólst upp í, en vitað er um tóft þess.
- Leggja göngustíg að því og gera sögu hans skil á fræðsluskilti, og ýmsu prentuðu og tölvutæku formi.
- Ef þess er nokkur kostur að freista þess að fá bein hans heim.

Ábyrgð: Landeigendur í Hólmi

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV

2.2 Brúsapallarnir:

Á Mýrunum, eru 3 uppistandandi brúsapallar við þjóðveginn, og eru þeir sögulegar minjar. (mynd12)

Verkefni:

- Pallana þarf að lagfæra.

Ábyrgð: Sigurlaug Gissurardóttir

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV



2.3 Eldsmiðurinn heim:

Vinna þarf að því að koma upp sýningu á heimili Sigurðar Filipussonar, “Eldsmiðnum, í réttu umhverfi. (Mynd 13)

En Sigurður var sérstakur hagleiksmaður, og hafði sérstakan lífstíl. Um hann var gerð heimildamynd upp úr 1980.



Verkefni:

- Gera þarf upp heimili hans.
- Flytja frá Byggðasafni Hornafjarðar, alla þá muni er tilheyrðu honum, og koma þeim fyrir, á sama hátt og, þeir voru í hans tíð.

Ábyrgða Eigendur Hólabrekku.

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV

2.5 Eskey:

Þegar hefur verið komið upp áningarstað við klapparholtið Eskey.

Búið er að koma upp 3 fræðsluskiltum. Gengið hefur verið frá gönguhliði, og lagfærð og stikuð gönguleið um Eskey.

Verkefni:

- Lagfæra þarf uppsetningu skiltanna.
- Koma þarf upp fræðsluskilti um fyrri búsetu.
- Koma upp salernisaðstöðu, og sorpíláti.
- Koma upp varanlegu áningarborði úr náttúrlegu efni.

Ábyrgð: Átak í merkingu gönguleiða og starfshópur um áningarstaði og fræðsluskilti

Framkvæmdaáætlun: Sjá viðauka I.

Kostnaður: Sjá viðauka III.

Kort af svæðinu: Sjá viðauka IV

3. Lokaorð

Það er löngu ljóst að öll ferðamennska hvar sem hún fer fram í heiminum hefur áhrif á bæði mannlíf og umhverfi sitt. Það er því skylda okkar bæði sem ferðamanna og atvinnurekenda að ferðaþjónustu að standa vörð um þá auðlind sem við eigum. Hvort heldur sem er menning landsins eða náttúran. Allar auðlindir heims þarf að ganga vel um svo þær nýtist komandi kynslóðum einnig.

Það er von okkar sem stöndum að Perluhópnum að með samstarfi okkar, og markmiðum þá takist okkur að leggja gott framlag á vogarskálina í þeim efnum. Þar sem við leitumst við að þróa tækifæri fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Tækifæri sem fólgin eru í duldu perlum í nágrenni okkar, bæði í formi menningar og náttúru.

